AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 95/1995 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Undir lið **B. Þjónusta** í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:

Flugstöðvar, stórar	4. fl.
Flugstöðvar, litlar	5. fl.
Hópferðastöðvar	5. fl.

2. gr.

Við lið **B. Þjónusta** í fylgiskjali með gjaldskránni bætist:

Nuddstofur	4. fl.

3. gr.

Undir lið **C. Verslun** í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:

Búsáhaldaverslanir	5. fl.
Blómaverslanir	5. fl.
Leikfangaverslanir	5. fl.

4. gr.

Í stað Véla- og varahlutaverslana ..... 5. fl. undir lið **C. Verslun** í fylgiskjali með gjaldskránni komi:

Varahlutaverslanir sem selja vörur er innihalda hættuleg efni	5. fl.

5. gr.

Undir lið **E. Vinnsla úr járni og öðrum málmum** í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:

Rafherðing málma	4. fl.

6. gr.

Í stað Vinnslu á málmum í raftækjaiðnaði, rafgeymaverksmiðja, raftækjaverkstæða o.þ.h. ..... 4. fl. í lið **E.Vinnsla úr járni og öðrum málmum** í fylgiskjali með gjaldskránni komi:

Vinnsla á málmum í raftækjaiðnaði, rafgeymaverksmiðjur, starfsleyfisskyld raftækjaverkstæði o.þ.h.	4. fl.

7. gr.

Undir lið **F. Jarð- og steinefnavinnsla** í viðauka með gjaldskránni falli brott:

Jarðvegsgerð	5. fl.

8. gr.

Undir lið **H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu** í viðauka með gjaldskránni falli brott:

Sögunarmyllur	5. fl.

9. gr.

Undir lið **J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki** í viðauka með gjaldskránni falli brott:

Hjólbarðaverkstæði	5. fl.
Bílasölur	5. fl.

10. gr.

Flugvellir og flugbrautir .....4. fl. undir lið **J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki** í viðauka með gjaldskránni verði:

Flugvellir	4 fl.

11. gr.

Breyting þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

15. febrúar 1996 Nr. 107

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI
Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,50 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.